

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 128/2018

2021/EES/13/06

frá 6. júlí 2018

## um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/353 frá 9. mars 2018 um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1145 um töku tiltekinna fóðurukefna af markaði, sem voru heimiluð samkvæmt tilskipunum ráðsins 70/524/EEB og 82/471/EEB, og um niðurfellingu á úreltum ákvæðum sem heimila þessi fóðurukefni <sup>(1)</sup>.
- 2) Í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/353 frá 9. mars 2018 er því lýst yfir að reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) 1443/2006 <sup>(2)</sup> hafi verið felld niður fyrir mistök. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1443/2006 var felld niður með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 194/2017 og ber því að taka hana aftur upp í EES-samninginn.
- 3) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/353 frá 9. mars 2018 fellir niður reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1459/2005 <sup>(3)</sup> sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 5) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*I. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 1zzx (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1284/2006):

„1zzz. **32006 R 1443**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1443/2006 frá 29. september 2006 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri og leyfi til 10 ára fyrir hníslalyfi (Stjtíð. ESB L 271, 30.9.2006, bls. 235), breytt með:

- **32009 R 0887**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 887/2009 frá 25. september 2009 (Stjtíð. ESB L 254, 26.9.2009, bls. 68),
- **32018 R 0353**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/353 frá 9. mars 2018 (Stjtíð. ESB L 68, 12.3.2018, bls. 3).“

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 68, 12.3.2018, bls. 3.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. ESB L 271, 30.9.2006, bls. 16.

<sup>(3)</sup> Stjtíð. ESB L 233, 9.9.2005, bls. 8.

2. Eftirfarandi er bætt við 208. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1145):

„, breytt með:

– **32018 R 0353**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/353 frá 9. mars 2018 (Stjtið. ESB L 68, 12.3.2018, bls. 3).“

3. Texti liðar lzzp (reglugerð framkvæmdarstjórnarinnar (EB) nr. 1459/2005) fellur brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/353, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júlí 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júlí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Oda Helen Sletnes***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.